

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 10

við Stjórnartíðindi EB

4. árgangur

6.3.1997

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/10/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.786 - Birmingham International Airport)	1
97/EES/10/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.904 - RSB/Tenex/Fuel Logistic)	2
97/EES/10/03	Tilkynning um samning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í tengslum við markaðssetningu á réttindum á tilvísunarkortum og -atlösum, sem taka bæði til landa og héraða (Mál nr. IV/35.962 - De Agostini/Rand McNally Limited)	2
97/EES/10/04	Tilkynning um samning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/36.308 - BT/News International - Springboard)	3
97/EES/10/05	Tilkynning um samning milli aðila sameignarfélags um stofnun og rekstur stafræns áskriftarútvarps í Evrópu (Mál nr. IV/36.092 - Music Choice Europe)	4
97/EES/10/06	Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	4

97/EES/10/07	Tilkynning danskra stjórnvalda um úthlutun leyfa til að leita að og vinna olfu og gas á tilteknum svæðum í Danmörku	6
97/EES/10/08	Tilkynning um mál nr. IV/35.337 - Atlas og nr. IV/35.617 - Phoenix/Global One	7
97/EES/10/09	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 og 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (Mál nr. IV/35.830 Unisource/Telefónica)	7
97/EES/10/10	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 og 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (Mál nr. IV/35.738)	8
97/EES/10/11	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um mál nr. IV/E-3/35.841 - Hydro Texaco Holding A/S - OK Petroleum AB (Preem)	8
3. Dómstóllinn		
97/EES/10/12	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	9
97/EES/10/13	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	11

EB STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.786 - Birmingham International Airport)

97/EES/10/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Aer Rianta cpt, Natwest Ventures Limited, sem er í eigu National Westminster Bank plc, og sjö West Midlands District Councils öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Birmingham International Airport Limited og Euro-Hub (Birmingham) Limited með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Aer Rianta: flugvallarrekstur, rekstur verslana sem selja tollfrjálstan varning í smásölu, hótélrekstur og veitingaþjónusta,
 - Natwest Ventures: útvegum áhættufjármagns,
 - West Midland District Councils: opinber þjónusta og ýmis konar viðskiptastarfsemi,
 - Birmingham International Airport: flugvallarstarfsemi og -rekstur,
 - Euro-Hub: flugstöðvarþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 67, 4. 3. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.786 - Birmingham International Airport, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.904 - RSB/Tenex/Fuel Logistic)****97/EES/10/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin RDB Logistic Projektspedition GmbH & Co. KG ("RSB PSG") í eigu Rheinbraun-samstæðunnar, sem er stjórnað af RWE AG, og AO Techsnabexport ("Tenex"), sem er undir yfirráðum sambandsríkisins Rússlands, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Fuel Logistic GmbH ("FL") með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RSB PSG: flutningur á kjarnorkuvörum og öðrum hættulegum vörum, flutningatækni á sviði námureksturs og sendingaþjónusta,
 - Tenex: flutningur á sjaldgæfum jarðefnum, málmum, efnum sem innihalda úraníum og öðrum kjarnorkuvörum sem ekki eru notaðar í hernaðarlegum tilgangi.
 - FL: birgðastjórnun og flutningur á vörum sem notaðar eru í kjarnorkuiðnaði, einkum í viðskiptum við Rússa.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta attriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 68, 5. 3. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.904 - RSB/Tenex/Fuel Logistic, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Tilkynning um samning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
í tengslum við markaðssetningu á réttindum á
tilvísunarkortum og -atlösum, sem taka bæði til landa og héraða
(Mál nr. IV/35.962 - De Agostini/Rand McNally Limited)****97/EES/10/03**

Þann 20. mars 1996 lögðu fyrirtækin De Agostini (UK) Limited og Rand McNally & Company fyrir framkvæmdastjórnina tilkynningu um samning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽²⁾, í tengslum við markaðssetningu, sölu eða leyfisveitingu á réttindum á tilvísunarkortum og -atlösum, sem taka bæði til landa og héraða (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 47 frá 15. 2. 1997).

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynntan samning á framfæri við sig. Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (+32 2 296 98 04) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/35.962 - De Agostini/Rand McNally Limited, og er heimilisfangið:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/103
150 Avenue de Cortenberg
B-1049 Brussel

**Tilkynning um samning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni 97/EES/10/04
(Mál nr. IV/36.308 - BT/News International - Springboard)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. desember 1997 tilkynning um samning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ milli British Telecommunications plc og News International plc. Samningsaðilar hafa myndað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni undir heitinu Springboard Internet Services Limited sem mun aðallega bjóða þjónustu sem verður kynnt undir heitinu LineOne. Þjónustan er ætluð notendum á almennum markaði bæði í Breska konungsríkinu og utan þess. Samkvæmt samningsaðilum er tækniþekking British Telecommunications og reynsla News International af útgáfustarfsemi nauðsynlegur grundvöllur fyrir starfsemi fyrirtækisins. Springboard býður:

- samþættan aðgang að internetinu, sem miðast við þarfir neytenda, og efnisþjónustu við viðskiptavini í Breska konungsríkinu,
- internetsefnisþjónustu fyrir viðskiptavini í ESB og víða um heim,
- þjónustu sem tengist uppsetningu vefa (Web sites) fyrir viðskiptavini í atvinnulífinu.

Efnið verður fengið frá móðurfyrirtækjum fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið og þriðju aðilum og einnig mun Springboard þróa efni. Unnt er að fá einkaréttindi á efni ef því er að skipta.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynntan samning á framfæri við sig. Þeir skulu geta þess sérstaklega ef um einhver atriði er að ræða sem falla undir þagnarskyldu.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 64, 1. 3. 1997. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (+32 2 296 7081) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.308, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/86
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussel

(¹) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

Tilkynning um samning milli aðila sameignarfélags um stofnun og rekstur stafræns áskriftarútvarps í Evrópu (Mál nr. IV/36.092 - Music Choice Europe)**97/EES/10/05**

Fyrirtækin Music Choice Europe Company, Time Warner MCE Holdings Limited, Sony Digital Radio Europe Limited, General Instrument (Music Services) Limited, Digital Cable Radio Europe Limited, AEI Music Choice Investment Limited og AEI Music Limited lögðu þann 18. júní 1996 samning milli aðila sameignarfélags og aðra tengda samninga fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt 1. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾. Markmið samninganna er að koma á fót og starfrækja Music Choice Europe ("MCE"), sem er stafrænt áskriftarútvarp. Starfsemin tekur til 60 tónlistarrása, sem reknar eru án auglýsinga eða tónlistarkynningar og verður tónlistinni útvarpað um alla Evrópu til þeirra sem eru í áskrift hjá útvarpsstöðinni. Útsendingar fara fram um gervihnött til kapalstöðva. Í náninni framtíð munu hlustendur geta fengið MCE beint í gegnum gervihnött. Annars konar þjónusta, AEI Music Choice, með fjórum rásum, mun standa viðskiptavinum í atvinnulífnum til boða.

Tilkynningin tekur einnig til viðhaldssamnings og framleiðslu- og sérleyfissamnings. Enn fremur er um að ræða samstarfssamning milli sameignarfélagsins og AEI Music Limited um sameiginlegan rekstur á fjórum gervihnattatónlistarrásum og kapalrásum fyrir AEI Music Choice.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntur samningur geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynnta aðgerð á framfæri við sig. Í samræmi við 20. gr. reglugerðar nr. 17. gildir þagnarskylda um slíkar athugasemdir. Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 20 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 70, 6. 3. 1997. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (+32 2 296 98 04) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.092 - Music Choice Europe, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/103
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

**Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 97/EES/10/06
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun til að stuðla að auknum fjárfestingum í tilraunaverkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir, draga úr og nýta skaðlegan úrgang, ríkisaðstoð nr. N 272/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á þýskum áætlunum um aðstoð vegna fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja, einkum á svæðum þar sem verið er að leggja niður hernaðarmannvirki, ríkisaðstoð nr. N 520/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á þýskum aðstoðaráætlunum sem miða að því að koma á fót svæðisbundnum nýsköpunarmiðstöðvum, ríkisaðstoð nr. N 521/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska áætlun um styrki til umhverfismála sem miða að því að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að bæta umhverfið, ríkisaðstoð nr. N 18/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

(1) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um tæknilegar fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í bænum Graz í Austurríki, ríkisaðstoð nr. 807/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun (ERP-fjárhagsáætlun fyrir 1997) vegna árlegrar fjármögnunar á ýmsum ERP-aðgerðum, ríkisaðstoð nr. N 840/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum í fylkinu Nordrhein-Westfalen, ríkisaðstoð nr. N 390/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu og breytingar á austurrískri áætlun um staðsetningu fyrirtækja í fylkinu Oberösterreich, ríkisaðstoð nr. N 833/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska þróunarsjóð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í því skyni að hvetja til fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 848/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska rannsóknar- og þróunaráætlun um lánveitingar vegna þróunar á rafeindapjónustu, ríkisaðstoð nr. N 197/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á aðstoðaráætlun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Lúxemborg sem miðar að efnahagsþróun og fjölbreytni, ríkisaðstoð nr. N 71/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á aðstoðaráætlun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Lúxemborg sem miðar að efnahagsþróun og fjölbreytni, til að efla rannsóknarstarfsemi fyrirtækja og rannsóknamiðstöðva í einkaeigu, ríkisaðstoð nr. N 72/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt leiðbeiningar sem Austurríki lagði fram til að hvetja til fjárfestinga á sviði skólphreinsunar, ríkisaðstoð nr. N 699/95 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á austurrískri aðstoðaráætlun „Euro-Wirtschaftsförderungsprogramm” sem miðar að því að hvetja til fjárfestinga í fylkinu Oberösterreich, ríkisaðstoð nr. N 653/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt leiðbeiningar sem Austurríki lagði fram til að hvetja til fjárfestinga á sviði umhverfismála, ríkisaðstoð nr. N 714/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um aðstoð á sviði atvinnumála, ríkisaðstoð nr. N 775/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð til fyrirtækisins Jesumán S.A. vegna þjálfunar ungs fólks og fólks sem hefur verið lengi án atvinnu til starfa við vörudreifingu, ríkisaðstoð nr. N 776/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun til að hvetja til rannsóknar- og þróunarstarfsemi í fylkinu Kärnten, ríkisaðstoð nr. N 627/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð vegna einkavæðingar og endurskipulagningar á fyrirtækinu Tollense Fahrzeug- und Anlagenbau GmbH, ríkisaðstoð nr. N 770/96 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð vegna björgunar, einkavæðingar og endurskipulagningar á fyrirtækinu Bestahl Stahlbau GmbH, ríkisaðstoð nr. N 697/96 og NN 132/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt sænska áætlun um starfsráðningarstyrki til að koma atvinnulausu fólki aftur inn á vinnumarkaðinn, ríkisaðstoð nr. N 22/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu og breytingar á þýskri aðstoðaráætlun til að hvetja til stofnsetningar og stækkunar starfsstöðva lítilla og meðalstórra fyrirtækja með því að veita þeim langtímalán, ríkisaðstoð nr. N 312/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun sem miðar að því að stuðla að eflingu lítilla og meðalstórra tæknifyrirtækja með ábyrgðum á bankalánum og endurfjármögnun sem gerir þeim kleift að stunda rannsóknir og þróun, og þjálfunar/ráðgjafarþjónustu, ríkisaðstoð nr. N 545/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu og útvíkkun á gildissviði sænskrar aðstoðaráætlunar um tímabundna fjárfestingaraðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 774/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun vegna aðgerða til að bæta skaða sem orðið hefur á umhverfinu, ríkisaðstoð nr. N 784/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun um fjárfestingaraðstoð vegna skynsamlegrar orkunýtingar og notkunar á endurnýjanlegum orkulindum, ríkisaðstoð nr. NN 108/96 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska áætlun um aðstoð við fiskeldisstöðvar, sjómenn og fjölskyldur þeirra, ríkisaðstoð nr. NN 45/94 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 51 frá 21. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun um endurskipulagningu á skiparekstri, ríkisaðstoð nr. NN 179/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 46 frá 14. 2. 1997).

Tilkynning danskra stjórnvalda um úthlutun leyfa til að leita að og vinna olú og gas á tilteknum svæðum í Danmörku **97/EES/10/07**

Með tilvísun til 3. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾ tilkynnist hér með að leyfum til að leita að og vinna olú og gas verður úthlutað fyrir öll svæði í Danmörku, sem hingað til hefur ekki verið úthlutað leyfum fyrir, að undanskildum svæðum á danska landgrunninu fyrir vestan lengdargráðu 6° 15' austur (Central Graven), að 90 dögum liðnum frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 49 frá 19. 2. 1997.

Umsóknir skulu sendar til dönsku orkumálastofnunarinnar árlega á tímabilinu 2. janúar - 30. september. Umsóknir verða afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Tekið skal fram að unnt er að hætta tímabundið meðferð umsókna, en tilkynnt er um slíkt með þriggja mánaða fyrirvara í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins og með sérstakri tilkynningu. Frekari upplýsingar, m.a. um skilyrði fyrir leyfi og formlegar kröfur varðandi umsóknir fást hjá:

Miljø- og Energiministeriet
Energistyrelsen
Amaliegade 44
DK-1256 København K
Tlf: +45 33 92 67 00
Fax: +45 33 11 47 43

(1) Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

Tilkynning um mál nr. IV/35.337 - Atlas og nr. IV/35.617 - 97/EES/10/08
Phoenix/Global One

Framkvæmdastjórninni ákvað 17. júlí 1997 að veita einstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins í máli nr. IV/35.337 - Atlas og máli nr. IV/35.617 - Phoenix/Global One. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ tóltók framkvæmdastjórnin að undanþágan myndi gilda frá þeim degi þegar tvö eða fleiri leyfi til að koma á fót annarri gerð grunnvirkis fyrir frjálsa fjarskiptaþjónustu, eða leyfi fyrir eignarhaldi og yfirráðum yfir slíkri gerð fjarskiptagrunnvirkis, öðluðust gildi bæði í Þýskalandi og Frakklandi (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 47 frá 15. 2. 1997).

Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 97/EES/10/09
og 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn um beiðni um að
mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt
3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins
(Mál nr. IV/35.830 Unisource/Telefónica)

Þann 4. mars 1996 lögðu fyrirtækin Unisource NV og Telefónica fram breytta tilkynningu um samning um innlimun Telefónica í Unisource sem þannig yrði fjórði jafngildur hluthafi. Þann 6. nóvember 1995 ákvað framkvæmdastjórnin að tilkynnt viðskipti teldust ekki samfylking fyrirtækja. Í kjölfar þessarar ákvörðunar og að beiðni samningsaðila var tilkynningunni breytt í tilkynningu samkvæmt reglugerð nr. 17 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 44 frá 12. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart beiðninni samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins og veita Unisource og innlimun Telefónica í Unisource einstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í fyrirnefndum Stjttíð. EB, með tilvísun til IV/35.830 Unisource/Telefónica, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 og 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (Mál nr. IV/35.738) 97/EES/10/10

Framkvæmdastjórninni barst 29. september 1995 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ myndað af Unisource Pan-European Services BV, sem er dótturfyrirtæki Unisource NV, og AT&T Pan-European Services, Inc., sem er dótturfyrirtæki AT&T Corp, undir heitinu „Uniworld“. Þetta mál er nátengt málinu Unisource/Telefónica (mál nr. IV/35.830) (sjá nánari upplýsingar um bæði málin í Stjttíð. EB nr. C 44 frá 12. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart þeiðninni samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins og veita Uniworld einstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í fyrirnefndum Stjttíð. EB, með tilvísun til IV/35.738- Uniworld, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um mál nr. IV/E-3/35.841 - Hydro Texaco Holding A/S - OK Petroleum AB (Preem) 97/EES/10/11

Þann 1. desember 1995 tilkynntu Hydro Texaco Holding A/S og OK Petroleum AB framkvæmdastjórninni um samning um myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni til að framleiða smurningsefni. Samningsaðilar sóttu um að mótmælum yrði ekki hreyft eða að öðrum kosti undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. (sjá nánari upplýsingar í Stjttíð. EB nr. C 47 frá 15. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningi. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í fyrirnefndum Stjttíð. EB, með tilvísun til IV/E-3/35.841, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

97/EES/10/12

Dómur dómstólsins 3. desember 1996 í máli C-268/94: Lýðveldið Portúgal gegn ráði Evrópusambandsins (samstarfssamningur milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Indlands - þróunarsamvinna - virðing fyrir mannréttindum og lýðræðislegum reglum - samvinna á sviði orkumála, ferðamála, menningarmála, eftirlit með misnotkun eiturlyfja og verndun hugverkarréttar - valdsvið bandalagsins - lagastoð).

Dómur dómstólsins 12. desember 1996 í máli C-302/94 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice (Queen's Bench Division)): The Queen gegn Secretary of State for Trade and Industry; fyrir hönd: British Telecommunications plc (fjarskipti - tilskipun um frjálsan aðgang að netum - sérstök réttindi eða einkaréttur - tilskipun um leigulínur - ákvæði um lágmarksfjölda leigulína).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-3/95 (beiðni um forúrskurð frá Landgericht Dortmund): Reisebüro Broede gegn Gerd Sandker (frelsi til að veita þjónustu - innheimt skulda - heimild - 59. gr. EB-sáttmálans).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-38/95 (beiðni um forúrskurð frá Corte d'Appello di Anonca): Ministero delle Finanze gegn Foods Import Srl (sameiginleg tollskrá - tollskránumer - fiskur af tegundinni Molva molva).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í sameinuðum málum C-47/95, C-48/95, C-49/95, C-50/95, C-60/95, C-81/95, C-92/95 og C-148/95 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova): Olasagasti og C. Srl o.fl. gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (reglugerð (EBE) nr. 3835/90 - reglugerð (EBE) nr. 3587/91 - reglugerð (EBE) nr. 3416/91 - lög um aðild Spánar og Portúgals - 1. og 2. gr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1697/79 - reglugerð (EBE) nr. 1750/90 - reglugerð (EBE) nr. 2164/91 - tollgjald - tollviltanir - landbúnaðarvörur - innheimta tolls eftir tollmeðferð - bindandi upplýsingar - túnfiskur í ólfvuölfu).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í sameinuðum málum C-74/95 og C-129/95 (beiðni um forúrskurð frá Procura della Repubblica presso la Pretura Circondariale di Torino, Ítalíu og frá Pretura Circondariale di Torino: Sakamál á hendur X (tilskipun 90/270/EBE um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu við skjávinnu - skilgreining á hugtakinu starfsmaður - augnskoðun og -próf - skilgreining á hugtakinu vinnustaður með hliðsjón af 4. og 5. gr. - gildissvið skuldbindinga sem kveðið er á um í 4. og 5. gr.).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-142/95 P: Associazione Agricoltori della Provincia de Rovigo o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna o.fl. (áfrýjun - náttúrupersóna eða lögpersóna - lög sem varðar þessa aðila beint og einstaklingsbundið).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-241/95: (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division): The Queen gegn Intervention Board for Agricultural Produce, fyrir hönd: Accrington Beef Co. Ltd o.fl. (fryst nautakjöt - sameiginlegar innflutningsreglur - tollkvóti bandalagsins - nýir aðilar).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-298/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum - vanefnd á umsetningu á tilskipun 78/659/EBE og 79/923/EBE innan tilskilins frests - kröfur um að vernda eða bæta gæði ferskvatns vegna fiskalífs - kröfur um gæði ferskvatns til skelfiskseldis).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í sameinuðum málum C-218/96, C-219/96, C-220/96, C-221/96 og C-222/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd skuldbindinga - vanefnd á umsetningu á tilskipun 92/32/EBE, 92/69/EBE, 93/67/EBE, 93/86/EBE og 93/105/EBE).

⁽¹⁾ Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 54, 22. 2. 1997.

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 9. janúar 1997 í máli C-143/95 P: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sociedade de Curtumes a Sul do Tejo Ld^a (Socurte) o.fl. (áfrýjun - Félagsmálasjóður Evrópu - frestur til að hefja mál - brot á mikilvægum formlægum kröfum).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 9. janúar 1997 í máli C-255/95: (beiðni um forúrskurð frá Consiglio di Stato): S. Agri SNC og Agricola Veneta Sas gegn Regione Veneto (aðstoð til að draga smám saman úr landbúnaðarframleiðslu - útreikningur á framleiðsluskerðingu - viðmiðunartímabil).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 9. janúar 1997 í máli C-383/95: (beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden): Petrus Wilhelmus Rutten gegn Cross Medical Ltd (Brussel-samningurinn - 1. mgr. 5. gr. - dómstóll á staðnum þar sem samningsskilmálar skulu uppfylltir - starfssamningur - staðurinn þar sem launþegi starfar að öllu jöfnu - starf sem unnið er í fleiri löndum en einu).

Mál C-393/96 P (R): Áfrýjað var þann 5. desember 1996 af J. Antonissen dómi uppkveðnum þann 29. nóvember 1996 af forseta dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-179/96 R: J. Antonissen gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-395/96 P: Áfrýjað var þann 10. desember 1996 af Compagnie Maritime Belge Transport NV og Compagnie Maritime Belge NV dómi uppkveðnum þann 8. október 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild með auknum fjölda dómara) í sameinuðum málum T-24/93 milli Compagnie Maritime Belge Transport NV og Compagnie Maritime Belge NV og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi Grimaldi og Cobelfret, T-25/93 milli Dafra Lines A/S og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, T-26/93 milli Deutsche Afrika-Linien GmbH & Co. og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og T-28/93 milli Nedlloyd Lijnen BV og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-396/96 P: Áfrýjað var þann 10. desember 1996 af Dafra Lines A/S dómi uppkveðnum þann 8. október 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild með auknum fjölda dómara) í sameinuðum málum T-24/93 milli Compagnie Maritime Belge Transport NV og Compagnie Maritime Belge NV og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi Grimaldi og Cobelfret, T-25/93 milli Dafra Lines A/S og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, T-26/93 milli Deutsche Afrika-Linien GmbH & Co. og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og T-28/93 milli Nedlloyd Lijnen BV og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-398/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo Regionale del Lazio, samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 14. febrúar 1996 í máli Associazione Produttori Vitivinicoli della Provincia di Treviso o.fl. gegn Ministero delle Risorse Agricole, Alimentari e Forestali (meðalgöngumaður ad adiuvandum: Consorzio Agrario Interprovinciale di Treviso e Belluno o.fl.).

Mál C-401/96 P: Áfrýjað var þann 19. desember 1996 af Somaco Sàrl dómi uppkveðnum þann 18. september 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) í máli T-387/94 milli Asia Motor France SA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-405/96, C-406/96, C-407/96 og C-408/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal d'Instance, Saint-Denis, samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 9. desember 1996 í málum Sociéte Béton Express gegn Direction Régionale des Douanes, Sociéte Nouvelle de Concassage gegn Direction Régionale des Douanes, Sociéte Bourbon Lumière gegn Direction Régionale des Douanes og Sociéte Ouest Concassage gegn Direction Régionale des Douanes - meðalgöngumaður: Région de La Réunion.

Mál C-411/96: Beiðni um forúrskurð frá Industrial Tribunal, Manchester, samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 15. október 1996 í máli M. Boyle, A. Taylor, J. Mansley, A. Khan, S. Moores og G. Atkinson gegn Equal Opportunities Commission.

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 28. nóvember 1996 í máli C-293/95 P: Odigitria AAE gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - ósamningsbundinn ábyrgð - EBE/Senegal og EBE/ Gínea-Bissau- fiskveiðisamningar útflutningur á fiskiskipum - leyfi bandalagsins).

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 28. nóvember 1996 í máli C-119/96 P: Susan Ryan-Sheridan gegn European Foundation for the Improvement of Living and Working conditions (áfrýjun - embættismenn - starfsmenn Evrópustofnunarinnar um bætt lífsskilyrði og vinnuástöðu - aðferðir við ráðningar - umsókn frá umsækjanda innan stofnunarinnar hafnað).

Fyrirmæli dómstólsins frá 5. desember 1996 í máli C-174/96 P og C-175/96 P: Orlando Lopes gegn dómstól Evrópubandalaganna.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 97/EES/10/13

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 11. desember 1996 í máli T-70/94: Comafrica SpA og Dole Fresh Fruit Europe Ltd & Co. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginleg markaðsskipulagning - bananar - málshöfðun til ógildingar - mál dómtækt - lögmæti reiknistuðuls - skaðabótamál).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. desember 1996 í sameinuðum málum T-177/94 og T-377/94: Henk Altmann o.fl. og Margaret Casson o.fl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginlega fyrirtækið JET - einstaklingar sem krefjast sömu stöðu og starfsfólk sem ráðið er tímabundið til starfa).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (þriðja deild) frá 15. janúar 1997 í máli T-77/95: Syndicat Français de l'Express International o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - beiðni um ógildingu - kvörtun vísað frá - hagsmunir bandalagsins).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. desember 1996 í máli T-99/95: Peter Esmond Scott gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginlega fyrirtækið JET - einstaklingar sem krefjast sömu stöðu og starfsfólk sem ráðið er tímabundið til starfa).

Mál T-158/96: Mál höfðað þann 12. desember 1996 af Società Acciaierie di Bolzano SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-178/96: Mál höfðað þann 8. nóvember 1996 af Società Eridania SpA o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-185/96: Mál höfðað þann 22. nóvember 1996 af Max Labat Automobiles 17 og Riviera Auto Service Ets Dalmasso gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-189/96: Mál höfðað þann 26. nóvember 1996 af Garage des Quatre Vallées og Joseph Tosi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-190/96: Mál höfðað þann 26. nóvember 1996 af Christophe Palma, Gérard Palma og S.A. PALMA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-197/96: Mál höfðað þann 2. desember 1996 af Consorzio del Formaggio Parmigiano Reggiano og Società Cooperativa Latteria Sociale Spadarotta arl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-199/96: Mál höfðað þann 4. desember 1996 af Laboratoires Pharmaceutiques Bergadem SA og Jean-Jacques Goupil gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-201/96: Mál höfðað þann 9. desember 1996 af Smanor SA, Hubert Segaud og Monique Segaud gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-203/96: Mál höfðað þann 10. desember 1996 af Embassy Limousines & Services SA gegn Európuþinginu.

Mál T-211/96: Mál höfðað þann 17. desember 1996 af Européenne Automobile SARL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-220/96: Mál höfðað þann 10. desember 1996 af Elliniki Viomikhania Oplon (EVO) AE gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjútíð. EB nr. C 54, 22. 2. 1997.